

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 723/2013

2014/EES/12/21

frá 26. júlí 2013

**um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á rósarínkjarna (E 392) í tiltekna fitulitlar kjöt- og fiskafurðir (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum<sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Breyta má skránni í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum<sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 4) Umsókn um leyfi fyrir notkun rósarínkjarna (E 392) sem þrávarnarefnis í unnar kjötvörur, fitulítið unnið kjöt, sem er ekki hitameðhöndlað eða sem er hitameðhöndlað, og fitulítinn unninn fisk og lagarafurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr, var lögð fram 3. febrúar 2012 og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.
- 5) Þrávarnarefni eru efni sem lengja geymsluþol matvæla með því að verja þau skemmdum af völdum oxunar, t.d. þránun fitu og litabreytingum. Núverandi hámarksgildi fyrir notkun á rósarínkjarna (E 392), sem eru leyfð í unnið kjöt og unninn fisk og lagarafurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr, eru fastsett í samræmi við fituinnihald í viðkomandi flokki matvæla (að undanskildum þurrkuðum

pylsum og þurrkuðu kjöti). Leyfilegt hámarksgildi fyrir notkun á rósarínkjarna (E 392), sem er fastsett í samræmi við fituinnihald viðkomandi flokka matvæla, tryggir ekki fullnægjandi vernd matvæla með litlu fituinnihaldi þar eð það þarf umtalsverðan lágmarksskammt af þessu þrávarnarefni til að ná tilætluðum áhrifum. Sem stendur er hægt að nota rósarínkjarna (E 392) í skilvirkum skömmtum í vörur með meira fituinnihald. Hins vegar geta vörur með litlu fituinnihaldi einnig orðið fyrir mikilli oxun vegna hás hlutfalls af ómettuðum fitusýrum. Því þykir rétt að fastsetja hámarksgildi fyrir notkun á rósarínkjarna (E 392) við 15 mg/kg fyrir vörur með fituinnihaldi sem er ekki meira en 10% en halda um leið leyfilegu hámarksgildi 150 mg/kg, gefið er upp á grundvelli fituinnihalds, fyrir vörur með fituinnihaldi sem er meira en 10%.

- 6) Árið 2008 mat Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) öryggi rósarínkjarna (E 392) þegar þeir eru notaðir sem matvælaaukefni<sup>(3)</sup> og komst að þeirri niðurstöðu að tillögð notkun og notkunarmagn skapaði ekki öryggisvanda. Út frá hófsömu mati á fæðutengdum váhrifum gerði Matvælaöryggisstofnunin ráð fyrir því að notkun rósarínkjarnans væri við hámarksgildið (þ.e. 150 mg/kg í unnið kjöt, alifuglaafurðir og fisk/ aðrar sjávarafurðir) í öll tillögð matvæli í hverjum flokki matvæla. Þessar forsendur tóku einnig til unnins kjöts, sem er ekki hitameðhöndlað og sem er hitameðhöndlað, og unnins fisks og lagarafurða, þ.m.t. lindýr og krabbadýr, með fituinnihaldi sem er ekki meira en 10%.
- 7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema uppfærslan, sem um er að ræða, sé ekki líkleg til að hafa áhrif á heilbrigði manna. Í ljósi fyrrnefnds álits Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 2008 telst það að fastsetja hámarksgildi fyrir notkun á rósarínkjarna (E 392) við 15 mg/kg fyrir unnið kjöt, sem er ekki hitameðhöndlað og sem er hitameðhöndlað, og unninn fisk og lagarafurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr, með fituinnihaldi sem er ekki meira en 10%, sem uppfærsla á skránni, sem hefur ekki áhrif á heilbrigði manna, og af þessum sökum er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 8) Því ber að breyta skránni í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við fyrrnefnd atriði.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 202, 27.7.2013, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

<sup>(3)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2008) 721, 1–29.

- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. júlí 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## VIÐAUKI

Ákvæðum E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslnunnar um aukefnið „E 392 — Rósmarínkjarni — Að undanskildum þurrkuðum pylsum“ í matvælafllokki 08.2.1 „Unnið kjöt sem ekki er hitameðhöndlað“ komi eftirfarandi:

„E 392	Rósmarínkjarni	15	(46)	Einungis kjöt með fituinnihaldi sem er ekki meira en 10%, að undanskildum þurrkuðum pylsum
E 392	Rósmarínkjarni	150	(41) (46)	Einungis kjöt með fituinnihaldi sem er meira en 10%, að undanskildum þurrkuðum pylsum“

2) Í stað færslnunnar um aukefnið „E 392 — Rósmarínkjarni — Að undanskildum þurrkuðum pylsum“ í matvælafllokki 08.2.2 „Hitameðhöndlað unnið kjöt“ komi eftirfarandi:

„E 392	Rósmarínkjarni	15	(46)	Einungis kjöt með fituinnihaldi sem er ekki meira en 10%, að undanskildum þurrkuðum pylsum
E 392	Rósmarínkjarni	150	(41) (46)	Einungis kjöt með fituinnihaldi sem er meira en 10%, að undanskildum þurrkuðum pylsum“

3) Í stað færslnunnar um aukefnið E 392 í matvælafllokki 09.2 „Umminn fiskur og lagarafurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr“ komi eftirfarandi:

„E 392	Rósmarínkjarni	15	(46)	Eingöngu fiskur og lagarafurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr, með fituinnihaldi sem er ekki meira en 10%
E 392	Rósmarínkjarni	150	(41) (46)	Eingöngu fiskur og lagarafurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr, með fituinnihaldi sem er meira en 10%“